

**Ed.**

**292. Nefndarálit**

[143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. l. nr. 38 28. maí 1981.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., m. a. á sameiginlegum fundum með sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Á þá fundi voru kallaðir fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Frv. kveður á um víðtækari heimildir sjávarútvegsráðherra um stjórn og takmörkun fiskveiða en nú eru í lögum. Meiri hl. nefndarinnar er sammála um nauðsyn á virkari stjórn fiskveiða, en telur jafnframt mjög þýðingarmikið að ákveðin samráð verði höfð við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Nefndin gerir sér ljóst að svokallað kvótakerfi hefur ýmsa ókosti sem stjórnunaraðferð í fiskveiðum, en hins vegar hefur ekki verið bent á aðrar betri leiðir. Því telur meiri hl. nefndarinnar rétt að leggja til að frumvarpið verði samþykkt og kvótakerfi verði reynt í eitt ár. Hins vegar verði það kerfi endurskoðað í ljósi fenginnar reynslu.

Sjávarútvegsráðherra og fiskimálastjóri komu á fund nefndarinnar og ræddu málin og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Alþingi, 19. des. 1983.

Valdimar Indriðason,  
form., frsm.

Egill Jónsson.

Tómas Árnason.

Árni Johnsen.